

Fundur í skólaráði Þingeyjarskóla, haldinn í Þingeyjarskóla fimmtudaginn 3. maí 2018 kl. 13:30 –15:00

Mætt voru: Jóhann Rúnar Pálson skólastjóri, Mjöll Matthíasdóttir og Katla Valdís Ólafsdóttir fulltrúar kennara. Ólöf Ellertsdóttir fulltrúi almenns starfsfólks. Árni Garðar Helgason fulltrúi grenndarsamfélagsins. Íris Bjarnadóttir fulltrúi foreldra grunnskólanemenda. Jóhanna Snæbjörnsdóttir og Þráinn Maríus Bjarnason fulltrúar nemenda. Birna Óskarsdóttir og Nanna Marteinsdóttir fulltrúar leikskóladeilda. Hrannar Gylfason, Olga Hjaltalín fulltrúar foreldra leikskólanemenda.

Dagskrá:

1. Skóladagatal
2. Rekstaráætlun/starfsáætlun
3. Viðhaldsáætlun
4. Jákvæður agi
5. Skólaþing
6. Aðstaða, aðbúnaður og öryggi
7. Starfsáætlun skólaráðs
8. Önnur mál

1. Skólastjóri Jóhann Rúnar Pálsson bauð alla velkomna til fundar og kynnti fundarmenn.
Farið var yfir skóladagatöl grunnskóla og leikskóladeilda. Gerð er tillaga um að fjórir starfsdagar falli saman í grunn- og leikskóladeildum m.a. vegna vinnu við innleiðingu á jákvæðum aga.
Skólasetning grunnskóla er ráðgerð 22. ágúst og skólaslit 29. maí. Rætt um tvöfalda daga og kvöldskemmtanir. Sitt sýnist hverjum um tímasetningar. Skólaráð samþykkir framlagt skóladagatal grunnskólans.
2. Jóhann kynnti skipulag námshópa næsta skólaár: 1.-3. bekkur, 4. bekkur, 5.-7. bekkur og 8. – 10. bekkur. Á mið og unglingastigi er gert ráð fyrir tveimur kennurum hverju sinni með hópinn. Magnea íþróttakennari sagði starfi sínu lausu og hefur staðan verið auglýst. Umsóknarfrestur var framlengdur og er ekki útrunninn. Umsóknir hafa borist vegna hlutastarfs í starfs- og námsráðgjöf og starfs á leikskóla. Krístrún snýr til baka úr fæðingarorlofi. Sama fyrirkomulag með samrekstur tónlistardeildar verður áfram.
Gert er ráð fyrir svipuðum nemendafjölda grunnskóla næsta skólaár. Sama fyrirkomulag er ráðgert með sálfræðiþjónustu.
Birna sagði frá skipulagi í Krílabæ, þar eru núna fimm nemendur og þrír starfsmenn. Gert er ráð fyrir einhverri fjölgun nemenda. Unnið er með leikskólalæsi og innleiðingu á jákvæðum aga.
Nanna fór yfir stöðuna í Barnaborg. 25 nemendur og stöðugildi starfsmanna upb. sex. Ekki ljóst með endanlegan nemendafjöld næsta skólaár. Stafið fer fram í tveimur húsum. Í vetur var tekið upp námsmat með ferilmöppum.
3. Jóhann fór yfir stöðuna. Stöðugildi í grunnskóla eru um 34 en fleiri starfsmenn sinna þeim.
Krílabær: Ljúka þarf framkvæmdum á skólalóð og smávægilegu viðhaldi innandyra.
Barnaborg: Þar hefur hljóðvist verið bætt að hluta. Húsnæði annar ekki nemendafjölda.
Grunnskóli: Unnið hefur verið að hjóðeinangrun í tónlistardeild. Aðkallandi eru

framkvæmdir í eldhúsi. Einnig þarf að laga forstofu e.t.v. 2019 og einnig þarf framkvæmdir í verkgreinastofum.

Spurt var um glerjun á austuhlið – sem er í biðstöðu.

4. Starfsfólk fór nýlega í námferð og sótti námskeið í jákvæðum aga. Lang flestir starfsmenn gátu tekið þátt í þessu. Stefnt er að innleiðingu af fullum krafti í haust og þá verður þetta kynnt vel fyrir foreldrum. Sett verður á fót stýriteymi verkefnisins.
5. Skólaþing var haldið síðasta vor. Jóhann vill gera þetta að föstum lið í skólastafinu. Huga þarf að viðfangsefnum næsta þings og fá hugmyndir ekki hvað síst frá nemendum.
6. Óskað var eftir hugmyndum um úrbætur varðandi aðstöðu, aðbúnað og öryggi. Fram komu hugmyndir um að mála Pókó- völl á lóðina, helst fleiri en einn og útvega viðeigandi bolta. Einnig vantar borðtennispaða. Einnig þarf að endurnýja bolta almennt. Hrannar sagði frá því að leitað var tilboða í endurnýjun og viðbætur á búnaði íþróttakennslu í Ýdölum – þetta er lagt fyrir sveitarstjórn í dag. Huga þarf að leiktækjum við Barnaborg og einnig Krílabæ. Leiktæki væri tilvalið að ræða á skólaþingi. Unnið verður í útikennsluaðstöðu við grunnskólann á næstu dögum. Aðbúnaður innandyrna á Barnaborg þarfnast athugunar og þolir ekki bið.
7. Stefnt að fundi skólaráðs í september og einnig fundi með nemendráði. Fundur skólaráðs að vori.
8. Önnur mál: Jóhanna fulltrúi nemenda ræddi tómstundastarf nemenda eftir skóla og árekstra í tímasetningum (æfingar byrja áður en skóla er lokið hér). Einnig var rætt um tómstundastarf nemenda almennt og frístund/gæslu yngri nemenda. Jóhann sagði að stefnt væri að því að nemendur hefðu um mismunandi verkefni að velja á þessum tímum. Fram kom áhugi á fleiri tónleikum tónlistarnema, t.d. jólatónleikum.

Jóhann þakkaði góða fundarsetu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og samþykkt.

Mjöll Matthíasdóttir ritaði.